

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2023, mánudaginn 14. ágúst kl. 13:00 var haldinn 338. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Guðveig Eyglóardóttir, sem tók þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson forstjóri, Benedikt Kjartan Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála og Gísli Björn Björnsson sérfræðingur í fjárfestingu og greiningum þátt í fundinum. Benedikt tók þátt um fjarfundabúnað.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Forstjóri og ritari gerðu grein fyrir kynningu á tillögu að mörkum umboðs forstjóra við sölu á hlutafé í Ljósleiðaranum. Umræður. Gísli Björn gerði grein fyrir matsþáttum í drögum að matslíkani fyrir val á fjárfestum.

Forstjóri lagði fram svohljóðandi tillögu varðandi hlutafjár aukningu Ljósleiðarans. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir fyrir sitt leyti að fela forstjóra að hefja hlutafjár aukningu Ljósleiðarans á grundvelli þeirra forsendna og gagna, sem nú liggja fyrir stjórn og fyrri bókana stjórnar. Endanleg afstaða til tilboða verður tekin að loknum samanburði þeirra.

Afgreiðslu tillögunnar frestað til reglulegs stjórnarfundar þann 28. ágúst nk.

2. Klukkan 14:30 mættu til fundarins Edda Sif Aradóttir og Kristinn Ingi Lárusson, fulltrúar Carbfix hf., Fulltrúar Morgan Stanley og Bjarni Þórður, fulltrúi Arctica Finance, og gerðu grein fyrir stöðu hlutafjár aukningar í Carbfix hf. og næstu skref í fjármögnunarferlinu. Edda Sif og fulltrúar Morgan Stanley tóku þátt um fjarfundabúnað.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 15:30.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 28. ágúst 2023.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir,
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Lind Eyglóardóttir.